# Fjársvikamyllan; vopn, veira og vistógn

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hinir ríku í veröldinni – sem samkvæmt sjálfbærnimarkmiðum sameinuðu þjóðanna ætla að jafna kjörin fyrir 2030 – mata krókinn á kostnað skattgreiðenda með hjálp stjórnvalda – eins og þeirra íslensku.

Fjársvikamylla Vesturlanda er knúin blóði drifnu stríði og veirustríði. Mestu vopnaframleiðendur eru; Lockheed Martin, Raytheon, Boeing, Northrop Grumman og General Dynamics.

Eignarhaldið er eins og á við um lyfjafyrirtækin, hálfdulið í sjóðsaðild. En sjóðir, sem eru áberandi í þessari fjármagnssvikamyllu, eru eftirfarandi: State Street Corporation, Vanguard Group, Blackrock, Newport Trust, Capital International Investors og Longview Asset Management. Hversu mikið fjármagn eiga Íslendingar í þessum sjóðum?

Færri vita líklega, að fyrir nokkrum árum voru blikur á lofti í fjármagnsiðnaðinum eins og stundum áður. Þegar þannig stendur á, er sent neyðarkall til fjárhaldsmanna alþýðu, stjórnmálamanna, lýðræðiskjörinna yfirvalda. Gengið er í almannasjóði með mismunandi hætti til að bjarga fjármagnseigendum.

Í þessari lotu voru pöntuð tvo stríð (fyrir utan þau, sem Bandaríkamenn há jafnaðarlegu um veröldina); stríðið við Rússa, með alþýðu Úkraínu að leiksoppum, og svo veirustríðið, með öll heimsins börn að veði.

Óhugnanlegum fjármunum er veitt til kaupa á skaðvænlegum bóluefnum og stríðstólum. T.d. hækkaði reikningur bandarískra skattgreiðenda til vopnakaup um tæp 50% milli ára.

Sömuleiðis hækka útgjöld til bóluefna stöðugt. Lyfjafyrirtækin krefjast þess af stjórnmálamönnum, að skyldubóluefnaskráin í Bandaríkjunum sé lengd. T.d. er það í bígerð að skylda ung börn í covid-19 bólusetningu.

Það er ekki bara seilst í vasa bandarískra skattgreiðenda. Skömmu fyrir innrás Rússa í Úkraínu pöntuðu hinir herskáu Pólverjar 250 Abrams skriðdreka frá Bandaríkjunum og Þjóðverjar síðar 35 orrustuþotur. Finnar og fleiri þjóðir vopnvæðast enn frekar. Enda er kátt í heljarhöllum Bandaríkjanna.

Jessica Lewis, aðstoðarvarautanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir þessar drápsávísanir til þess fallnar að koma Rússum á hné: Okkur gefst nú tækifæri til að

taka mið fyrir næsta áratuginn með því að beina kaupum á búnaði frá Rússum. Það kemur þeim í koll – og felur í sér viðhald, varahluti, þjálfum, heræfingar og fleira.

Óhugnanlegum upphæðum var einnig varið til bóluefnakaupa hjá lyfjafyrirtækjunum – að töluverðu leyti í eigu sömu hagsmunaaðilja – og skattgreiðendur skuldsettir upp yfir haus vegna fjarstæðukenndra aðgerða til eyðileggingar atvinnuveganna. Sumar þeirra voru „Schwachsinn“ (vitfirra) segir fyrrum ráðherra Þjóðverja, Karl Lauterbach.

Skuldsetning er sígild fjármagnskúgun á alþjóðamarkaði, sem Íslendingar þekkja vel gegnum Alþjóðabankann og fleiri slíkar stofnanir alþjóðaauðvaldsins. Í kjölfar skuldsetninga og stríða koma fjárfestingarnar alþjóðaauðvaldsins eins og t.d. í Úkraínu nú.

Það er varla tilviljun, að auðkýfingar nefndra sjóða sitja líka á rökstólum um það, hvernig megi öðlast alheimsstjórn og aðgengi að auðæfum jarðar. Því er háð stríðið um sálina samtímis vopna- og veiruskaki. Almúginn verður að halda, að vopnin og veiruaðgerðir séu í þeirra þágu.

Fjölmiðlar af ýmsu tagi þjóna þeim tilgangi með bjöguðum fréttaflutningi, lygum, áróðri, þöggun og útskúfun. Sett eru á stofn sannleiks- eða staðreyndafyrirtæki til að koma í veg fyrir upplýsingu almennings. Meira að segja eru vísindamenn og -tímarit keypt til hins arna til að koma í veg fyrir sjálfstæða hugsun. Fátt er nefnilega skeinuhættara nefndum yfirgangsöflum.

Upplausn, efi, skelfing og ótti gulltryggir, innrætingu og heilaþvott, átrúnað á yfirvaldið. Öryggið býðst í „faðmi foreldris“  eða hins almáttka áss.

Við erum „smöluð hjörð,“ sagði Klettafjallaskáldið. Við erum reyndar eins og sauðahjörð á flótta undan dýrbítum. Vígtóla- og veirustríð ógna.

En þriðja ógnin, vistógnin, sækir á hugann. Hún var fundin upp fyrir rúmri hálfri öld um svipað leyti og karlógnin. Samkvæmt þeim kenningum hafa karlar ógnað konum frá upphafi vega eins og mannkynið vistkerfinu. Það er illt í efni.

Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem einnig eru á valdi umgetinna, vísa veginn, að sagt er. Fækka þarf fólki, svo um muni, þ.e. óþurftarfólki. En það eru gamlar hugmyndir nasista og fleiri.

Hina skal gera hamingjusama í stundarfjórðungssnjallborgunum hinna hlýðnu, fjarstýrðu borgara, sem dunda sér við tölvuskjái og eta rannsóknastofuafurðir, svo þeir reki sem minnst við. Það stuðlar nefnilega að hamfarahlýnun.

Vitur kona kallaði þetta hina „fögru nýju veröld.“ Vitru konurnar (fyðilfólkið meðtalið) í ríkisstjórn Íslands eru okkar leiðsögumenn til hennar.

https://expose-news.com/2023/02/21/faces-of-bilderbergers-who-controlled-covid-response/

https://www.cnbc.com/2022/12/28/zelenskyy-blackrock-ceo-fink-agree-to-coordinate-ukraine-investment.html

https://www.president.gov.ua/en/news/prezident-obgovoriv-z-generalnim-direktorom-blackrock-koordi-80105

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/02/21/covid-jab-gets-permanent-liability-protection.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1HL&cid=20230221_HL2&cid=DM1350439&bid=1727192870

https://libertarianinstitute.org/author/ted-snider/

https://www.yahoo.com/news/health-care-vaccine-mandate-remains-053924500.html?guccounter=1&guce_referrer=aHR0cHM6Ly9leHBvc2UtbmV3cy5jb20v&guce_referrer_sig=AQAAAEO4xfjpAG0-K9WVe7RjARwYLyRfQrGk7Lyn2J9pdY5ApkaRlDRNIXWuQwmmoB4Lr5BNUmooEhNTGVVP4GhNdIQsySYlyzeX-12iMcdAIdG_uhhJEJIsbA2FziHB5ehQGADIORBANkTsJ-hviR83PdlJlIopzh0cPimE5evRl1kO

https://steigan.no/2022/04/det-militaerindustrielle-farmasoytiske-komplekset/

https://edition.cnn.com/2021/09/08/investing/blackrock-china-fund-intl-hnk/index.html

https://steigan.no/2017/12/tre-selskaper-eier-de-storste-korporasjonene-i-usa-2/

https://www.citizen.org/article/restricting-access-to-affordable-medicines/

https://steigan.no/2022/04/det-militaerindustrielle-farmasoytiske-komplekset/

https://steigan.no/2022/11/de-eier-bankene-vapenindustrien-merkevarene-mediene-og-teknogigantene-2/

https://www.bloomberg.com/news/articles/2011-08-21/wall-street-aristocracy-got-1-2-trillion-in-fed-s-secret-loans

https://www.defensenews.com/pentagon/2023/01/25/us-arms-export-approvals-soared-in-2022/

https://www.faz.net/aktuell/politik/inland/corona-manche-massnahmen-waren-laut-karl-lauterbach-schwachsinn-18667895.html

https://steigan.no/2023/02/krigen-i-ukraina-gull-verdt-for-vapenindustrien/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.finansavisen.no/handel/2023/02/12/7984845/krigen-i-ukraina-gull-verdt-for-vapenindustrien?zephr_sso_ott=D2cLlx